

## 1. fundur

### Hverfisráðs Öxarfjarðar

Mætt á fundinn: Árdís Hrönn Jónsdóttir, Brynjar Þór Vigfússon, Charlotta Englund, Halldís Gríma Halldórsdóttir, Sigríður Þorvaldsdóttir og Stefán Haukur Grímsson.

## 1. Samþykkir hverfisráðs, fundartilhögun og verkaskipting

Atvinnu- og samfélagsfulltrúi fór yfir gildandi samþykktir hverfisráðs.

Brynjar Þór Vigfússon tekur að sér að vera formaður hverfisráðs, þá verður miðað við að aðal- og varamenn sitji alla fundi eða eins og kostur er á. Næsti fundur er áætlaður í janúar.

## 2. Hverfisráðið aðgengilegt

Það er mikilvægt að aðgengi að hverfisráðinu sé gott og að íbúar séu hvattir til að nýta sér ráðið. Stefnt að því að bæta aðgengi að ráðinu sem og upplýsingaflæði með því að stofna fésbókarsíðu.

## 3. Birting fundargerða hverfisráðs

Hverfisráð Öxarfjarðar skorar á Byggðarráð sem og starfsmenn eftir því sem við á að bæta úr birtingu fundargerða hverfisráðs. Óþarflega oft dregst að birta þær undir „Fundargerðir hverfisráðs“ á vefsíðu Norðurþings þrátt fyrir að búið sé að senda þær inn og taka þær fyrir í Byggðarráði, á það við um öll ráðin ekki einungis Öxarfjarðar.

## 4. Áskorun til nefnda og ráða

Þó nokkur mál hafa komið upp á árinu í nefndum og ráðum Norðurþings sem hafa óneitanlega áhrif á m.a. þjónustu og atvinnulíf svæðisins án þess að þau hafi verið send hverfisráði sérstaklega til kynningar né umsagnar.

Af gefnu tilefni vill hverfisráð Öxarfjarðar minna á eftirfarandi hlutverk hverfisráða og skora á nefndir og ráð Norðurþings að nýta ráðin betur í framhaldi. Til að tryggja að markmiðum og tilgangi hverfisráða verði náð:

- Að vera formlegur umræðuvettvangur um hagsmunamál og þjónustu sveitarfélagsins fyrir viðkomandi svæði.

- Að vera vettvangur samráðs íbúa, félagasamtaka og atvinnulífs á sínu nærsvæði og sveitarstjórnar.
- Að vera vettvangur fyrir íbúa svæðis til að vera virkir þátttakendur í allri stefnumörkun Norðurþings innan viðkomandi svæðis.
- Að gera tillögur til byggðarráðs um starfsemi og þjónustu innan viðkomandi svæðis/hverfis.
- Að stuðla að hvers konar samstarfi innan svæðis.
- Að vera ráðgefandi fyrir stjórnsýlu sveitarfélagsins og stuðla að eflingu félagsauðs á sínum svæðum.
- Að tengja stjórnkerfi sveitarfélagsins betur íbúum þess og nýta þekkingu þeirra á sínu nánasta umhverfi.
- Hverfisráð fá til kynningar ný aðal- og deiliskipulög á þeirra starfssvæði um leið og þau eru auglýst til umsagnar. Þannig hafa ráðin tækifæri til að hafa áhrif á endanlega útgáfu skipulagstillögunar. Einnig skal leitast við að fá umsögn hverfisráða um stærri framkvæmdir og meginbreytingu á þjónustu á þeirra starfssvæði áður en endanlegar ákværðanir eru teknar þar um í fastanefndum sveitarfélagsins. Gangi það ekki eftir skal ákvörðun um stærri framkvæmdir og meginbreytingar á þjónustu send hverfisráðum

## 5. Heimastjórnir

Rætt aðeins um núverandi fyrirkomulag Múlapings þar sem starfandi eru heimastjórnir, á nýju ári er stefnt að því að fá kynningu á því hvernig það hefur reynst frá sjónarhlí jaðarbyggða Múlapings.

## 6. Uppbygging á svæðinu

Talsverð uppbygging er í gangi á svæðinu og einnig framundan í tengslum við fiskeldisfyrirtækin. Mikilvægt að nýta tækifæri sem skapast samhliða þeirri uppbyggingu til fulls með því að tryggja uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á Kópaskeri sem allra fyrst sem og að starfrækja leikskólann á Kópaskeri aftur. Til að stuðla að jákvæðri íbúaþróun er mikilvægt að fyrirtækin beiti sér fyrir því að ráða fólk sem er reiðubúið til búsetu, þá þarf boðlegt íbúðarhúsnæði að vera til staðar sem og leikskóli ef ætlunin er að höfða til fjölskyldufólks.

Þá var einnig rætt um möguleika þess að fara í markvissa „kynningarherferð“ fyrir svæðið í heild þar sem öll laus störf á svæðinu verða auglýst, aðstaða fyrir störf án staðsetningar sem og laust húsnæði og þjónusta á svæðinu.

Markmið sem tilvalið er að setja inn í starfsáætlun atvinnu- og samfélagsfulltrúa á nýju ári sem mætti einnig heimfæra á önnur svæði innan sveitarfélagsins.

## 7. Héraðssetur Landgræðslunnar innan Öxarfjarðarhéraðs

Öxi, Kópaskeri  
8. desember 2021

Aðeins rætt um viðmót og viðbrögð sveitarfélagsins gagnvart ósk Landgræðslunnar um nýtingu Gamla-Lundar sem starfsstöð. Málið var fyrst viðrað við Norðurþing síðasta sumar og svör bárust ekki fyrr en í byrjun desember.

#### 7. Leikskolamál svæðisins

Aðeins rætt um mikilvægi þess að starfrækja leikskóladeild Öxarfjarðarskóla á Kópaskeri aftur við fyrsta tækifæri og er fjölskylduráð hvatt til þess að tryggja eftir fremsta megni að deildin opni á árinu 2022.

Þá var aðeins rætt um akstursstyrki, rúnunýtingu og þeirrar staðreyndar að akstursstyrkinnir standi ekki öllum til boða sem þurfa að keyra börnunum sínum í leikskólann. Hverfisráð telur óboðlegt að mismuna foreldrum leikskólabarna þannig að sumir fái akstursstyrki en aðrir ekki, þó svo að um tímabundna lausn sé að ræða, þar sem allir foreldrar leikskólabarna Öxarfjarðarhéraðs þurfa að keyra börnin sín í Lund.

Fleira ekki rætt, fundi slitið 19:30.

Steika H. Guðmundsson  
Ardís H. Jónsdóttir  
Ógnudur Þorvaldsdóttir  
Hæðlís Guðr. Hæðlorsdóttir  
Björnur Þór Viðtfjörður